

## M-14/2019. Álit 2. september 2019.

### Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 2. september 2019 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-14/2019.

#### I

##### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 1. febrúar 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á kæliskáp af Y, hér eftir nefndur seljandi.

#### II

##### Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi kveðst hafa keypt kæliskáp á afslætti hjá seljanda í desember árið 2018. Að sögn álitsbeiðanda fór fljótlega að bera á skýrtnum hljóðum úr kæliskápnnum svo álitsbeiðandi hafði samband við seljanda, sem benti henni á að hafa samband við þjónustuaðila. Álitsbeiðandi hafði samband við þjónustuaðilann sem tilkynnti henni að ekki væri unnt að lagfæra kæliskápinn. Seljandi hefur boðist til að endurgreiða álitsbeiðanda kaupverðið sem var að fjárhæð 59.000 krónur. Álitsbeiðandi hefur ekki samþykkt það og vill fá nýjan kæliskáp afhentan. Nýr kæliskápur sem ekki er á afslætti kostar 129.000 krónur.

Hinn 4. febrúar 2019 var álitsbeiðanda sent bréf frá nefndinni þar sem óskað var eftir gögnum til stuðnings kröfu álitsbeiðanda, s.s. reikningum og afritum af samskiptum við seljanda. Beiðnin var ítrekuð 16. apríl 2019.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindu bréfi. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

*„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“*

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyrir undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

**IV**  
**Álitsorð**

Álitsbeiðni álitsbeiðanda, X, er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

---

Áslaug Árnadóttir  
formaður

---

Jón Rúnar Pálsson

---

Ívar Halldórsson